

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi vegna nýtt hverfisskipulag (US200275)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags.02.09.2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Mál nr. US200275 vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Efni: Nú er verið að kynna nýtt hverfisskipulag fyrir Breiðholt. Í gangi er viðvera skipulagsyfirvalda sem hefur bæði verið í Mjódd og í Gerðubergi og göngutúrar um hverfið. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um aðsókn á viðverufundina og fjölda þeirra sem fóru í göngutúra um hverfið með skipulagsyfirvöldum. Óskað er einnig upplýsinga um fjölda ábendinga sem hafa borist og að þær verði flokkaðar eftir innihaldi. Loks er spurt um aldursskiptingu þeirra sem komu á viðverufundina og í göngutúrana.

Svar við fyrirspurn:

Viðvera starfsfólks umhverfis- og skipulagssvið í hverfum þar sem vinna við hverfisskipulag stendur yfir er ekki ný. Á árunum 2015 – 2017 voru starfsmenn með viðveru í hverfum en þá í stuttan tíma í einu. Sú nýbreytni var tekin upp núna í Breiðholti að starfsmenn dvöldu í lengri tíma úti í hverfinu. Í Breiðholti fór viðveran fram með eftirfarandi hætti:

1. Gerðuberg í Háholti á 1. hæð 18. ágúst til 21. ágúst frá kl 12-18
2. Mjódd göngugata 24. ágúst til 28. ágúst frá kl 12-18.

Viðveran var auglýst í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Viðvera í Gerðubergi

Í Gerðubergi voru settir upp sýningarstandar þar sem helstu vinnutillögur og önnur gögn hverfisskipulags voru til sýnis ásamt kynningagögnum á <https://hverfisskipulag.is/kynning/breidholt>. Í upphafi viðveru voru 2 starfsmenn á vakt frá kl 12 til 18. Þeim var fljótlega fjölgað í 3 þegar ljóst var að áhugi íbúa til að ræða við starfsfólk var meiri en búist var við í upphafi. Margir gestir stöldruðu lengi við til að fræðast og ræða um sitt nærumhverfi.



Í viðverunni hélt starfsfólk hverfisSKIPULAGSINS heimsóknadagbók. Einnig var óskað eftir að fá að taka niður nafn og netfang gesta og skrá niður athugasemdir sem íbúar vildu koma á framfæri. Nokkur fjöldi gesta gaf samt ekki upp slíkar upplýsingar af ýmsum persónulegum ástæðum en eins vegna þess að sökum mikillar aðsóknar gafst starfsmönnum hverfisSKIPULAGSINS ekki færi á að taka niður upplýsingar hjá öllum.

Allir sem óskuðu fengu afhent eyðublöð þar sem hægt var að skrifa athugasemdir og ábendingar og afhenda í lok heimsóknar. Einnig var gestum boðið að senda tölvupóst á netfangið hverfisSKIPULAG@reykjavik.is með ábendingum og athugasemdum.

Í viðveruna í Gerðubergi eru skráðir 148 gestir.

Viðvera í Mjódd

Vegna mikillar aðsóknar í Gerðubergi var starfsfólki Í Mjódd fjölgað í 5 starfsmenn. Sömu gögn voru til sýnis og í Gerðubergi.

Í Mjódd er mikill straumur fólks allan daginn og því talsvert mörgum sem gafst færi á að kynna sér vinnutillögurnar sem voru til sýnis.

Starfsfólk hverfisSKIPULAGS taldi fjölda þeirra sem stoppaði við kynningarefnið, kynnti sér tillögurnar og ræddi við starfsfólk en eins og áður segir var ómögulegt að halda nákvæmt bókhald um fjöldann. Í raun er frekar líklegt að fjöldinn sé vanáætlaður því mikil umferð var um göngugötuna í Mjódd.

Í viðveru í Mjódd voru skráðir 598 gestir.

Í viðveru í Gerðubergi og í Mjódd samkvæmt skráningagögnum eru því skráðir 746 gestir.

Gönguferðir um hverfin

Hluti af viðburðum hverfisSKIPULAGS í Breiðholti voru kvöldgöngur um hverfin í Breiðholti.

Tilgangurinn var að kynna og ræða þær vinnutillögur sem sýndar voru á hverfisSKIPULAG.is og stuðla að samræðum og samskiptum milli skipulagsráðgjafa, starfsfólks og íbúa og gagnkvæmra skoðanaskipta. Þátttakendur í göngunum voru ekki beðnir að gefa upp nafn eða persónulegar upplýsingar.

Samkvæmt talningu starfsfólks hverfisSKIPULAGS var fjöldi þátttakenda í hverfisgöngunum sem hér segir:

- Neðra Breiðholt – 71 þátttakandi
- Seljahverfi – 104 þátttakendur
- Efra Breiðholt – 69 þátttakendur
- Samtals 244 þátttakendur

Ábendingar og athugasemdir

164 erindi (athugasemdir, ábendingar, spurningar o.s.frv.) hafa borist frá því að kynningarsíða fyrir vinnutillögur hverfisSKIPULAGSINS í Breiðholti fór í loftið (16.7.2020) og til dagsins í dag (10.9.2020). Þessi erindi skiptast þannig:

Gerðuberg

45 erindi skráði starfsfólk hverfisSKIPULAGS í heimsóknadagbók í Gerðubergi. Auk þess var skilað 17 útfylltum eyðublöðum fyrir athugasemdir og ábendingar í viðveru í Gerðubergi.

Mjódd

43 erindi bárust á útfylltum eyðublöðum í Mjódd.

Tölvupóstur

59 erindi hafa borist í gegnum tölvupóst á netfang hverfisSKIPULAGSINS.



Rétt er að nefna að eitthvað er um að erindi hafi borist tvisvar frá sama sendanda (ýmist orðrétt eða efnislega eins), s.s. bæði í tölvupósti og á eyðublaði. Fjöldi erinda er því í raun eitthvað lægri en heildartalan gefur til kynna. Einnig er nokkuð um að tvö eða fleiri erindi berist frá sama sendanda og því hægt að fullyrða að fjöldi þeirra sem sent hafa erindi sé nokkuð lægri en heildarfjöldi erinda.

Aldursskipting íbúa í viðveru og hverfisgöngum

Upplýsingum um aldur þátttakenda var ekki safnað af starfsfólki hverfisSKIPULAGS í viðverunni eða hverfisgöngum. Þeir starfsmenn sem tóku þátt í þessum viðburðum eru hinsvegar sammála um að þátttakendur hafi verið alveg frá þrítugsaldri og upp í níráðisaldur, en mikill meirihluti hafi verið kominn yfir miðjan aldur.

Fyrir áhugasama sem vilja kynna sér málið nánar er vísað á Facebook-síðu hverfisSKIPULAGSINS. Þar eru myndbönd frá hverfisgöngunum.

Úrvinnsla

Úrvinnsla erinda sem bárust í viðveru er í gangi þessa dagana en er ekki lokið. Þess vegna liggur ekki fyrir flokkun eftir innihaldi eða efnisatriðum.

Nánar verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr því samráði í hverfisSKIPULAG í Breiðholti sem fram fór 2020 í nýrri útgáfu af skýrslunni **Borgarhluti 6, Breiðholt, Íbúabáttaka og samráð** þegar vinnu er lokið.

f.h. skipulagsfulltrúa
(Ævar Harðarson deildarstjóri hverfisSKIPULAGS)